

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020,
stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. október 2011 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 14. júní 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 28. júní 2011.

Breytingin felst í stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga (I1) til suðvesturs um 6,9 ha og minnkar athafnasvæðið (A7) sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. október 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2011